

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Efni:

***Frakkastígsreitur 1.172.1 - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 2. apríl 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. apríl 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. apríl 2020 á breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna lóðanna nr. 33, 33A, 33B, 35 og 37 við Laugaveg og 4 við Vatnsstíg, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að heimildir eldra skipulags til að rífa nokkur gömul hús við Laugaveg er felld úr gildi. Það er fagnaðaefti. Samkvæmt tillögunni verður húsið við Laugaveg 33 og viðbygging við hana gert upp í samræmi við upphaflega gerð. Sama gildir um Laugaveg 33B. Húsin við Laugaveg 35 verða einnig gerð upp og hækkuð um eina hæð. Kveðið er á um að endurgerð húsanna skuli unnin í samráði við Minjastofnun. Enginn vafi er á að húsaröðin verður til prýði á Laugaveginum. Aukið byggingarmagn sem eldra deiliskipulag heimilaði verður ekki aftur tekið án skaðabóta. Það verður fært á Vatnsstíg og baklóðir. Tillagan gerir ráð fyrir að Vatnsstígur 4, sem skemmdist illa af eldi fyrir nokkrum árum, og Laugavegur 33A verði rifin að fengnu leyfi Minjastofnunar. Gert er ráð fyrir að á reitnum verði almennar íbúðir og gististarfsemi en verslanir og veitingastaðir á jarðhæðum.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Sósíalista leggur áherslu á að ekki eigi að heimila fleiri hótél sérstaklega í því ástandi og óvissu sem við búum við núna. Allt þúður ætti að vera sett í að tryggja öllum gott húsnæði á viðráðanlegu verði.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er um stóra aðgerð að ræða, breyting á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna nokkra lóða við Laugaveg og 4 við Vatnsstíg. Mikil röskun myndi fylgja þessari aðgerð. Spurningin er hvort íbúðir standi undir þessu, þetta eru jú bara venjulegar íbúðir. Í ljósi COVID-19 má einnig spyrja hvort fólk vilji fara út í að byggja íbúðahótel. Staðan er viðkvæm og ekki ætti að veita framkvæmdarleyfi fyrr en ljóst er að framkvæmdin er fjármögnuð að

fullu. Flokkur fólksins hefur lengi haft áhyggjur af miðbænum eins og hann stefndi í áður en COVID-19 skall á. Eftir COVID-19 er ekki gott að sjá hver þróunin verður, hvernig verslun sem dæmi eigi eftir að þróast. Tugir verslunareigenda höfðu þá þegar flúið miðbæinn áður en faraldurinn skall á. Íbúasamtök miðborgarinnar vara jafnframt við fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi svæðisins. Stefna borgarinnar er aukið íbúalýðræði og því hvetur Flokkur fólksins skipulagsyfirvöld til að vanda sig í samskiptum við fólk og minnir á að í meirihlutasáttmála stendur að vinna á með fólkinu í borginni en ekki á móti því.

Helga Björk Laxdal  
e.u.